

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna samfélagsþjónustu og verslunar og þjónustu í Árbæjarhverfi.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 21. maí 2026 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 sem samþykkt var í bæjarstjórn 26. febrúar 2026.

Breytingin felur í sér skilgreiningu á um 3 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP28) í Árbæ fyrir frekari uppbyggingu með tengingu við þjóðveg. Einnig er skilgreint um 3 ha samfélagsþjónustusvæði (S18) fyrir nýjan dýraspítala, þar sem núverandi dýraspítali á S17 verður nýttur sem endurhæfingarstöð. Verslunar- og þjónustusvæði VP27 og landbúnaðarland minnka sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 21. maí 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2026